

We
Lead

WOMEN IN
TOURISM,
HOSPITALITY
& LEISURE



KENNSLULEIÐBEININGAR

- stuðningur við
We Lead námskeið



EFNISYFIRLIT



- 01 [Formáli](#)

- 02 [Um We Lead námskeiðið & opið kennsluefni](#)

- 03 [Leiðbeiningar fyrir kennara / leiðbeinendur](#)

- 04 [Mögulegar útfærslur námskeiðs](#)

- 05 [Yfirlit yfir efni námskeiðs](#)

- 06 [Að bæta upplifun nemenda](#)

- 07 [Gagnlegir tenglar og aukaefni](#)

- 08 [Dæmi um stundaskrá](#)



Co-funded by
the European Union

Þetta leyfi veitir notanda rétt til að dreifa, endurvinnna, aðlaga og þróa efnið áfram í öllum hvaða miðli eða formi sem er, svo lengi sem höfundar er getið. Þetta leyfi gefur færi á notkun í gróðaskyni. Með notkun CC BY leyfisins fylgir sú skylda að geta höfundar: „Eftir: nafn höfundar.“

Styrkt af Evrópusambandinu. Skoðanir og skoðanir sem settar eru fram eru þó eingöngu höfundar og endurspeгла ekki endilega skoðanir Evrópusambandsins eða Framkvæmdastofnunar Evrópu um mennta- og menningarmál (EACEA). Hvorki Evrópusambandið né EACEA geta borið ábyrgð á þeim.



01 | Formáli – Innblástur We Lead

Þáttur ferðaþjónustu í efnahagslegri og félagslegri þróun er almennt viðurkenndur, en lítið hefur verið fjallað um samband ferðaþjónustu og kynjajafnréttis.

Samkvæmt UNWTO **felur ferðaþjónustan í sér bæði tækifæri og áskoranir fyrir konur**, og því er mikilvægt að nota sjónarhorn kynjajafnréttis á greinina. Ferðaþjónusta gegnir lykilhlutverki við að ná Heimsmarkmiðunum, sérstaklega skuldbindingum um jafnrétti kynjanna og valdeflingu kvenna í Heimsmarkmiði 5: Jafnrétti kynjanna, að tryggja jafnrétti kynjanna og valdefla allar konur og stúlkur. Þá er ferðaþjónustan nátengd öðrum greinum (umhverfisiðnaði, handverksgreinum o.fl.) og getur skapað fleiri störf á þessum sviðum.

Skoðum forystuna. Konur í ferðaþjónustu¹ segja að, „í helstu leiðtogastöðum er hlutfall kvenna alltof lágt.“ Gögn sem konur í ferðaþjónustu hafa tekið saman² benda til þess að þótt konur séu 25,5% starfsmanna í framkvæmdastjórnnum þá starfi þær flestar í mannauðsmálum, frekar en viðskipta- eða stjórnunardeildum. Þær benda á að ferðaþjónustunni hafi „mistekist að veita konum stöðuhækkun þangað sem mikilvægustu ákvarðanirnar eru teknar, þrátt fyrir að hafa stærra hóp kvenkyns starfsmanna til að velja úr.“ Í gistigeiranum eru konur fyrst og fremst í láglaunastörfum og aðeins einn af hverjum 22 forstjórum er kona. Skýrsla PwC 2020 um konur í ferðaþjónustu³ sýnir að þótt kvenkynsstjórnendum hafi fjölgað á milli 2018 og 2019, þá er enn langt í land.

Tillögur okkar um aukna forystu kvenna tengist lykiláskorun okkar tíma, loftslagsbreytingum. Hgsmunaaðilar í ferðaþjónustu verða æ meir sammála um að framtíðarhorfur ferðaþjónustunnar muni ráðast af getu greinarinnar til að verða sveigjanlegri, tileinka sér lágt kolefnisspor og draga úr losun um 50% fyrir árið 2030. We Lead verkefnið eykur seiglu ferðaþjónustunnar með því að auka færni og getu kvenna innan greinarinnar. Auk þess þarf ferðaþjónustan að fylgjast árvökul með áhrifum loftslagsbreytinga og byggja upp nauðsynlega seiglu til að laga sig að þeim. Á kynjadesi loftslagsráðsstefnu Sameinuðu þjóðanna 2021 (COP26) var valdefling kvenna sögð lykilatriði í því að ná heimsmarkmiðunum. Heimurinn stendur frammi fyrir margvíslegri vá: loftslagsbreytingum, mótmælum og ófriði. Konur finna oft frekar fyrir afleiðingunum á eigin skinni, eru í viðkvæmari stöðu, og hafa færri úrræði til að takast á við þessar áskoranir.

Innblástur samstarfs okkar er sú staðreynd að þátttaka kvenna í ákvarðanatöku er góð fyrir jörðina: rannsóknir sýna skýr tengsl milli aukinnar forystu kvenna og umhverfisvænni niðurstöðu. Mikilvægar rannsóknir Dr. Marga Gual Soler, SciDipGLOBAL, sýna að lönd, þar sem félagsleg og pólitísk staða kvenna er sterkari, losa minna og hafa lægra loftslagsfótspor. Dr. Soler⁴ fór fyrir stærsta kvannahóp sem farið hefur til Suðurskautslandsins, til að efla forystu kvenna í loftslagsaðgerðum. Árið 2020 útnefndi World Economic Forum hana sem ungan leiðtoga framtíðarinnar. Hún komst að því að þegar konur verða leiðtogar, þá er leiðtogastíll þeirra að efla langtímahugsun, samvinnu, gagnsæi og inngildingu. Hún leggur áherslu á „þörfina fyrir að viðurkenna framlag kvenna sem aðila í ákvarðanatökufæri, sem hagsmunaaðila, kennara og sérfræðinga þvert á landamæri og greinar, sem geta knúið áfram langtímalausnir. Það er kominn tími á að við gerum okkur grein fyrir því að konur er þúslið sem vantar í alþjóðlegri viðleitni okkar til að vernda og endurnýja plánetuna okkar.“

1. [Alþjóðleg ráðstefna kvenna í ferðaþjónustu 2021 \(iwttf.com\)](https://www.iwttf.com/)

2. [WiHTL](https://www.wihtl.com/)

3. [Konur í ferðaþjónustu - PwC UK](https://www.pwc.com/au/en/issues-and-ideas/industry-issues/2020-women-in-leadership-report.aspx)

4. [Why female leadership is crucial to tackle climate change | World Economic Forum \(weforum.org\)](https://www.weforum.org/articles/why-female-leadership-is-crucial-to-tackle-climate-change/)



01 | Formáli – framhald

We Lead námskeiðið byggist á fimmta heimsmarkmiðinu – „Jafnrétti kynjanna verði tryggt og völd allra kvenna og stúlkna eflað“ og sérstaklega hluta 5.5, sem snýst um að „Tryggð verði virk þátttaka kvenna og jöfn tækifæri þeirra til að vera leiðandi við ákvarðanatöku á öllum sviðum stjórn- og efnahagsmála sem og á opinberum vettvangi.“ Til að bregðast við þessu höfum við útbúið úthugsaðan pakka af kennsluefni fyrir bæði kennara og einstaklinga, til að styrkja konur við að finna sína rödd og aukið sjálfsöryggi til að takast á við stærri áskoranir í starfi. Ekkert slíkt námskeið er í boði í Evrópu.

Nemendur munu skilja undistöðu leiðtogahæfni og þátt skilvirkrar forystu við að taka skref í átt að auknu kynjajafnrétti, sem og nýstárlegar og raunhæfar nálganir í loftslagsaðgerðum í ferðaþjónustu. Það mikilvæga er að nemendur munu skipuleggja þróun ferils síns með faglegri þróun og kynjaþróun og búa yfir hagnýtri færni til að leiða jákvæðar breytingar í starfi sínu: við lausn vandamála, samskipti, samvinnu og sköpun, sem og sjálfbærar og nýstárlegar nálganir.

5 JAFNRÉTTI
KYNJANNA



*Til að ná fram
jafnrétti kynjanna
þarf þátttöku
kvenna og karla,
stúlkna og drengja.
Það er á ábyrgð
okkar allra.*

- Ban Ki-Moon



02 | Um We Lead námskeiðið & opið kennsluefni

a) Um hvað snýst We Lead? Opna kennsluefnið sem þetta námskeið samanstendur af skoðað betur.

We Lead er Erasmus+ samvinnuverkefni í starfsmenntun og starfspjálfun, sem er ætlað að takast á við kynjamisrétti í ferðaþjónustu. Við máttum að brýnasta þörfin væri að takast á við vandamálið á starfsmenntunarrstigi. Konur í oft ósýnilegum láglaunastörfum eru viðkvæmasti hópurinn, ef ekki er tekið á kynjamisrétti á vinnustað. Það er vel hægt að nálgast þennan hóp í gegnum starfsmenntun, og með þessu má því valdefla bæði vinnuveitendur og starfsmenn.

We Lead verkefnið leggur áherslu á að takast á við færni- og þekkingarskort í greininni og innleiða NÝSTÁRLEGA KENNSLUFRÆÐI. Það er ekki bara mikilvægt að vita HVAÐ á að kenna, heldur líka HVERNIG á að kenna það. Þetta opna kennsluefni býður upp á ýmsar skapandi aðferðir. Góð forysta skiptir öllu, í ljósi þess hve flókið og síbreytilegt umhverfi greinarinnar er. Ýmsir styrkleikar sem eru nauðsynlegir leiðtogum í öðrum greinum eru einnig nauðsynlegir fyrir leiðtoga í ferðaþjónustunni, en það þarf líka sérstaka hæfni og verklag til að ná árangri í þessum geirum, sökum fjölbreyttra tengsla við hagsmunaaðila og almenns flækjustigs. Með því að skilja áskoranirnar, efla þróun kvenkyns leiðtoga og færa þátttakendum þau verkfæri sem þarf til að ná árangri, getur WE LEAD áætlunin verið lykilhvati þess að fjölga kvenleiðtogum og auka færni þeirra og tryggja þannig að greinin verði áfram í fararbroddi við að takast á við félagsleg málefni og umhverfismál. Ef ekki er lögð áhersla á að nýta betur færni kvenna í ferðaþjónustunni mun misskiptingin viðhaldast.

Úrræðin eru sett fram á mismunandi formi, eftir væntanlegri notkun þeirra:

- Opið kennsluefni, safn margmiðlunarefnis (PowerPoint glærur, skjöl, vinnuhefti, myndbönd, hlaðvörp, spurningapróf o.s.frv.) sem er skipt niður í 6 hluta, þar sem efnið tengist námsmarkmiðum, sem leiðbeinendur og kennarar geta notað með beinum hætti.
- Kennsluleiðbeiningar fyrir starfsmenntunarstofnanir (þetta skjal) útskýrir uppbyggingu hins opna kennsluefnis og mögulega notkun þess.

b) Markmiðið með We Lead verkefninu og opna kennsluefninu

- Að tryggja 600 kvenkyns nemendum og 40 leiðbeinendum í starfsmenntun vandlega rannsakaða og uppfærða þekkingu á þeim tækifærum og loftslagsáhrifum sem geta fylgt betri forystu í ferðaþjónustunni. Konur verða valdefldar til að þróa „rödd“ sína áfram og fá sjálfstraust til að takast á við stærri áskoranir á starfsferli sínum.
- Að tryggja 300 leiðbeinendum í starfsmenntun ný úrræði sem styðja við innleiðingu nýstárlegra aðferða og stafrænnar tækni við kennslu. We Lead býður leiðbeinendum upp á opið rafrænt námsefni til að kenna hagnýt námskeið í forystu- og sjálfbærnifræðum á nýjan hátt.
- Opið kennsluefni We Lead skapar námskeið í staðnámi sem nýtir þó margmiðlunarefni eins og hægt er og kennsluleiðbeiningarnar munu kynna leiðbeinendur fyrir Education 4.0 prógramminu, sem snýst um framsýna tækni fyrir einstaklingsmiðað nám. Opið kennsluefni okkar er hannað til að vinna vel með netnámskeiðum, sem gerir kvenkyns starfsmönnum í ferðaþjónustunni kleift að halda áfram að læra í sveigjanlegu, óstaðbundnu umhverfi. Öll úrræði eru þróuð í samræmi við DigCompOrg / DigCompEdu / SELFIE verkefni.



Teymið á bak við We Lead

c) Hverjir hönnuðu námsefnið?

Námskeiðið var þróað af ferðamálasérfræðingum, starfsfólki ferðaþjónustu og fræðimönnum sem hafa brennandi áhuga á valdeflingu kvenna innan þessa geira, með sérstakri áherslu á þær þarfir og áskoranir sem ferðaþjónustan stendur nú frammi fyrir. Það er hannað til að búa til nýtt og árangursríkt þjálfunarlíkan sem varpar ljósi á þau tækifæri og áhrif sem felast í forystu kvenna, loftslagsaðgerðum og áhættustýringu. Það er einnig lögð áhersla á að leiðbeinendur geti eflt færni sína og tekið frumkvæði varðandi framvindu eigin starfsferils, auk þess að gefa konum „rödd“ og sjálftraust til að takast á við stærri áskoranir í starfi sínu í ferðaþjónustunni. Hér fyrir neðan kynnum við þá aðila sem hafa komið að þróun þessa námskeiðs.

1

Momentum

momentum
[educate + innovate]

Momentum er margverðlaunað írskt menntafyrirtæki sem sérhæfir sig í þróun framsækinnna námsáætlanna (námskrá og efnisþróun námskeiða) og vettvangs fyrir menntun, með sérstakri áherslu á sjálfbæra ferðaþjónustu, inngildingu og kynjajafnvægi, sem og þróun fyrirtækja í dreifbýli. Þau þjálfa og leiðbeina hundruðum fullorðinna nemenda á ári hverju.

2

Háskólinn á Akureyri (UNAK)



**Háskólinn
á Akureyri**
University
of Akureyri

Háskólinn á Akureyri var stofnaður árið 1987 og hafa fáir háskólar á norðurslóðum vaxið hraðar. Skólinn hefur verið í nánú samstarfi við Rannsóknamiðstöð ferðamála og Kennslumiðstöð Háskólans á Akureyri, sem bæði hafa langa reynslu af samhæfingu og samstarfi í alþjóðlegum verkefnum, sem hefur veitt þeim djúpan skilning á þeirri færni og úrræðum sem til þarf, ásamt aðferðum til að tryggja skilvirkt og sjálfbært starf.

3

CDEA

CDEA:

CDEA hefur verið leiðandi í starfsþjálfun í Baskalandi frá 1978 og stendur fyrir námskeiðum í ferðaþjónustu. Þau bjóða upp á starfsmenntun og þjálfun og sjá gildi þess að þjálfa framtíðarleiðtoga í greininni, til þess að undirbúa þá fyrir að innleiða þær breytingar sem þarf. Sem frumkvöðlar á þessu sviði hefur CDEA mikla reynslu í því að bera kennsl á hverjar starfsþróunarþarfir kvenna á öllum sviðum ferðaþjónustu eru.



4

Transformia

TRANSFORMIA



Transformia er lítið fyrirtæki sem leggur áherslu á sjálfsefningu, sjálfbærni og samfélagslega ábyrgð. Með því að skrifa, halda fyrirlestra, kenna og eiga samskipti við fólk á annan skapandi hátt stefnir Transformia að því að veita innblástur og hvetja einstaklinga, hópa, fyrirtæki og stofnanir til að taka þau skref sem nauðsynleg eru til að auðvelda bæði persónulega og félagslega umbreytingu.

5

European E-learning Institute



European
E-Learning
Institute

European E-learning Institute (EUEI) sérhæfir sig í að skapa öfluga samstarfsvettvanga á netinu, áhrifaríkt fræðsluumhverfi og að útbúa tæki og tól til að skapa virkilega dýrmæta námsupplifun. Þau hafa mikla sérfræðipækkingu og reynslu af námskeiðum sem tengjast inngildingunni og námi á netinu.



02 | Um námsefnið

d) Námsmarkmið We Lead námskeiðsins

Fáar atvinnugreinar í Evrópu eru hraðari breytingum háðar en ferðaþjónustan, þar sem tæknibreytingar, breytileg íbúasamsetning, sjálfbærni og lífshættir breyta óskum neytenda hratt og hafa áhrif á vöxt og seiglu. We Lead mun koma að faglegri þróun starfsmenntunarleiðbeinenda eins og þín með því að auka færni samhliða þróun á forystuhæfileikum núverandi sem og komandi kynslóða kvenna í ferðaþjónustunni, sem og stafrænni kennslu þeirra.

We Lead mun einnig leggja sitt af mörkum til að styðja ykkur sem kennara, við að fylgjast með þróun inngildingar og jafnréttis og áhrif þess á sjálfbærni ferðaþjónustunnar og tækifæri til að draga úr loftslagsáhrifum. We Lead námskeiðið mun styrkja þig sem leiðbeinanda með því að byggja upp sérfræðikunnáttu þína og færa þér nauðsynleg verkfæri fyrir mikilvæga nýja hluta ferðaþjónustunnar innan ESB.

Þess vegna byrjar We Lead með einstökum þjálfunarpakka sem samþéttir fjölbreytta þekkingu og rannsóknir sérhæfðra samstarfsaðila okkar til að veita þér sem fyrirtækjaleiðbeinanda (og litlum og meðalstórum fyrirtækjum) **Samantektarskýrslu** og **Leiðarvísi um góða starfshætti**, þar sem sjónum er beint að 9 kvenleiðtogum sem tileinka sér drifkraft og tækifæri fyrir forystu kvenna í ferðaþjónustu víðs vegar um Evrópu. Á meðan ferðaþjónustan tekst stöðugt á við nýjar áskoranir víðs vegar í álfunni veitir þessi leiðarvísir þér magnaðar dæmisögur sem nemendur geta notað til að efla faglega þróun sína og til að fá innblástur frá konum, sem nú þegar nýta leiðtogahæfileika sína og stöðu til að bæta eigin árangur í gegnum loftslagsaðgerðir og búa til möguleika fyrir framtíðarviðskiptaþróun, aukna fjölbreytni eða starfstækifæri.



e) Hverjir geta haldið We Lead námskeið og hverjum er námskeiðið ætlað:

Námskeiðið er hannað fyrir kennara og leiðbeinendur í starfsmenntun og -þjálfun. Kennarar og leiðbeinendur geta auðveldlega aðlagð efnið sínum þörfum, til að hanna og flytja þjálfunarnámskeið með hágæðaefni sem hefur verið þróað, prófað og rýnt á Íslandi, Spáni, Írlandi og Danmörku.

Athugið

Opnu námsefni We Lead er ætlað að gera kennurum kleift að mennta nemendur í ferðaþjónustu og sjálfbærni, sem og núverandi starfsfólk ferðaþjónustunnar, í hvernig best sé að valdefla konur og tengslin á milli forystu kvenna og loftslagsaðgerða, með áherslu á að þróa færni og hæfni, svo að við aukum sýnileika, forystu og sameiginleg áhrif kvenna í ferðaþjónustu, til að tryggja sjálfbærari framtíð.

Við útvegum allt nauðsynlegt efni til að kenna námskeiðið með góðum árangri í nokkrum mismunandi útgáfum. Nánari upplýsingar um hvernig námskeiðið er kennt má finna í kafla 04.



03 | Leiðbeiningar fyrir kennara / leiðbeinendur

1. Aðferðafræðileg nálgun

Opna kennslufnið samanstendur af sex hlutum sem sýna nemendum umfang og möguleika **We Lead**, með aðferðum sem eru í samræmi við fræðilegar rannsóknir, en miðast að praktískri notkun færni og verkfæra til að þróa forystuhæfni í ferðapjónustunni.

Námsefnið byggir á þeirri hugsun að það séu tækifæri fyrir konur í ferðapjónustunni, en að þær þurfi að finna sína rödd og þróa leiðtogahæfileika sína svo þær séu betur í stakk búnar til að takast á við áskoranir og geti skipulagt starfsferil sinn. Að auki sýnir þetta hvernig hægt er að festa hæfni í sessi með því að læra nýja hluti og veitir hagnýta innsýn í það að tileinka sér nýja færni, með annað augað á framtíðinni. Námskeiðið er meðvitað um vaxandi samstöðu um að framtíð ferðapjónustunnar sé háð getu greinarinnar til að minnka kolefnisfótspor og draga úr losun um 50 % fyrir árið 2030. Við viljum að konur leiði þessa vegferð.

2. Almennar leiðbeiningar

Lestu þessar leiðbeiningar vandlega áður en þú hefur þjálfunina. Fyrir staðbundið nám, flippaða eða blandaða kennslu:

- Halaðu niður, skoðaðu og endurskoðuðu námskeiðsgögnum fyrir þjálfunina eftir þörfum. Passaðu að hafa nægan tíma fyrir allar lotur. Tengillinn sem þú notar er: weleadproject.eu/resources/
- Staðfærðu efnið með dæmisögum og upplýsingum um hvar nemendur geta fundið hjálplega hluti í nærumhverfinu.
- Gakktu úr skugga um að allir þátttakendur klári æfingarnar sem fylgja hverjum hluta – þær eru dýrmætur hluti af náminu.
- Gefðu þér tíma til að fara yfir æfingar og tryggðu stöðuga endurgjöf.



MENNTUN SNÝST UM AÐ BÆTA LÍF

ANNARA OG GERA ÞITT EIGIÐ

SAMFÉLAG OG HEIMINN ALLAN

BETRI EN ÁÐUR.

-Marian Wright Edelmann

03 | Almennar leiðbeiningar fyrir kennara (framhald)

3. Kennsluaðferðir

Opna kennsluefnið er hannað þannig að það henti ýmsum kennsluaðferðum og kennsluháttum. Allir hlutarnir eru settir upp á eftirfarandi hátt:

- Viðfangsefnið er kynnt stuttlega, áður en kafað er dýpra ofan í það.
- Upplýsingar um efnið og bestu starfshætti eru kynntar, þá er farið frá almennum skilgreiningum yfir í ítarlegri dæmi, sem gerir nemendum kleift að skilja umfang efnisins.
- Þekking er undirbyggð og færni þróuð þegar nemendur taka þátt í verklegum æfingum eða námsspurningum.



04 | Mögulegar útfærslur námskeiðs

a) Hefðbundið staðbundið nám

Staðbundið nám er ennþá ein vinsælasta kennsluaðferðin til að auka færni. Oftast er um að ræða kennaramiðaða kennslu, þar sem fólk mætir augliti til auglitis á ákveðnum stað og stund. Verkfæri We Lead verkefnisins, ráðlögð notkun þeirra og viðbótarefni má teikna upp með eftirfarandi hætti:

Kennslutæki	Ráðlögð notkun í kennslustofunni	Nauðsynleg viðbótargögn
PowerPoint © glærुकyning	Efnið er þróað í PowerPoint. Við leggjum til að glærunum sé varpað á stóran skjá í kennslustofunni.	Fartölva / skjávarpi Stór skjár/ veggur
Myndbönd	Myndbönd eru notuð til að útskýra ákveðna hluta efnisins og til að kynna dæmisögur, sem geta svo verið kveikjan að umræðum.	Hljóð / hljóðkerfi
Tafla	Þjóddu nemendum að skrifa á töfluna eða biddu þá um endurgjöf, sem þú skrifar svo á töfluna.	Pennar / töflutúss



04 | Mögulegar útfærslur námskeiðs (framhald)

Ráðlagðar aðferðir:

- Samræður í litlum hópum: Skiptu þátttakendum niður í nokkra litla hópa og láttu þá ræða dæmisögur eða aðstæður á vinnustað, eða koma með tillögur að lausnum. Þetta gerir nemendum kleift að flytja þekkingu sín á milli.
- Spurt og svarað: Óformlegir spurninga-og-svara tímar virka best með litlum hópum og til að halda færni við, frekar en til að kenna nýja færni. Þetta mætti nota með jöfnu millibili í gegnum námskeiðið.
- Margmiðlun: Margmiðlunarefni er oft meira ögrandi og krefjandi, og þar með meira örvandi, fyrir huga fullorðinna. Leiðbeinendur ættu að tryggja að nemendur nýti sér kosti allra verkfæra til fulls.
- Gagnvirk tól: Það er auðvelt að örva þátttöku nemenda með notkun gagnvirkra verkfæra. Eitt ókeypis tól er Kahoot!, sem er leikjatengdur náms- og fróðleiksvefur sem er notaður í kennslustofum, skrifstofum og félagslegum aðstæðum. Þú getur samið spurningakeppni sem nemendur geta svarað í sínum/spjaldtölvum/tölvum. Þar er hægt að fá endurgjöf og niðurstöður strax.

b) Nám á netinu:

Þessi kennsluáðferð notar nettækni sem er innbyggð í We Lead til að skila fjölbreyttum lausnum sem auðvelda nám. We Lead námskeiðið er netnámskeið, sem allir hagsmunaaðilar hafa beinan aðgang að, þar á meðal **leiðbeinendur, nemendur, konur í ferðaþjónustu og aðrir starfsmenn**. Námsefnið snýst um valdeflingu kvenna og tengslin á milli kvenleiðtoga og loftslagsaðgerða sem eru sértækar fyrir ferðaþjónustuna.

Heimasíða verkefnisins verður fjöltýngd, gagnvirk síða sem sameinar fjölbreytt fræðsluefni og áður nefnda Samantektarskýrslu og Leiðarvísi um góða starfshætti. Þar eru einnig stafrænar æfingar og aðferðir til að þróa leiðtogahæfileika, sem og ítarefni og margmiðlunartenglar. Netsíðan inniheldur góða starfshætti í námi á netinu, þannig að þótt námsmarkmiðin séu þau sömu (eða svipuð) getur notendaviðmótið og upplifunin verið jafn mismunandi og hentar miðlinum.



04 | Mögulegar útfærslur námskeiðs (framhald)

c) Aðrar kennsluaðferðir:

Flippuð kennsla

Í flippaðri kennslu stúdera nemendur innihald tímans fyrir kennslustundina, með áherslu á æfingar og verkefni í tímanum. Þekkingarmiðlun í kennslustofunni viku fyrir netkennslu utan kennslustofu. Þetta skapar meira svigrúm til að æfa færni í tímum, fyrir frekari útskýringar þegar þörf krefur, og býður upp á þann möguleika að kafa dýpra í efnið í tímanum.

Blönduð kennsla

Blönduð kennsla sameinar stafræna miðlun og hefðbundnar kennsluaðferðir. Hún krefst líkamlegrar nærveru bæði kennara og nemanda, þar sem nemandinn hefur eitthvað að segja um tíma, stað, leið og/eða hraða námsins. Nemendur mæta ennþá í kennslustofu með kennara/leiðbeinanda, en námi í kennslustofu er blandað saman við tölvumiðað nám, varðandi efni og kennsluaðferðir. Blandað nám er helst notað í starfsþróun og þjálfunarnámi.

Samvinnunám / jafningjanám

Samvinnunám felur í sér hópa nemenda sem vinna saman. Eftirfarandi dæmi sýna hvernig efla má samvinnu- og jafningjanám:

- **Jafningjarýni:** Jafningjar eru leiddir saman til að leggja mat á verk eins eða fleiri einstaklinga með svipaða hæfni og þeir sem sköpuðu verkið. Þeir meta ekki bara frammistöðu hvers annars, heldur deila líka reynslu sinni og þekkingu.
- **Google Docs:** Þetta samstarfstól á netinu auðveldar þróun skjala í námi. Allir meðlimir í hóp geta unnið á sama tíma (rauntíma) í sama skjalinu, hvaðan sem er og á ýmsum tækjum. Breytingar eru sjálfkrafa vistaðar í skjalinu um leið og þær eru slegnar inn. Það er hægt að fylgjast með endurskoðunarsögu hvers skjals, þar sem þú getur líka séð hver gerði hverja breytingu. Gildi Google Docs sem námstóls er að hópmeðlimir geta einnig deilt skjölum, spjallað og tjáð sig um sama efnið.



05 | Yfirlit yfir efni námskeiðs

a) Hlutar

Námsefnið samanstendur af sex hlutum, sem eru byggðir upp eins og ferðalag ...

1. HLUTI

Konur í ferðapjónustu



- Að sigrast á áskorunum og stuðla að breytingum
- Hindrunum rutt úr vegi: jafnrétti í leiðtogastörfum
- Valdefling kvenna í ferðapjónustu
- Kynjajafnrétti: að stuðla að inngildingum og jafnrétti
- Að hjálpa konum á framabrot: bestu aðferðirnar
- Hlutverk kvenna í sjálfbærum rekstri

2. HLUTI

Hvernig á að komast í stjórnunarstöður?



- Mennta- og færniþróun
- Tengslanet og leiðbeinendur
- Barátta og sýnileiki
- Að byggja upp leiðtogahæfileika

4. HLUTI

Tengsl ferðapjónustunnar og heimsmarkmiðanna



- Engin fátækt og aukinn jöfnuður
- Góð atvinna og hagvöxtur
- Umhverfissjálfbærni
- Verndun og kynning menningarverðmæta
- Þróun og aðgangur að grunnþjónustu
- Menntun, meðvitund og sjálfbærar aðferðir

3. HLUTI

Kynbundnar loftslagsaðgerðir og -stefnur



- Áhrif loftslagsbreytinga á konur
- Kynjamiðaðar loftslagsstefnur
- Konur, mótvægisáðgerðir og aðlögun
- Valdefling kvenna og loftslagsáðgerðir
- Kynjasambætting í loftslagsstefnum

5. HLUTI

Að ímynda sér betri heim: Þróun hugmynda, könnun og skapandi framtíðarsýn



- Hvettu til sköpunar og nýsköpunar
- Ræktaðu inngildingarmenningu
- Efldu símenntun og þróun
- Efldu ævintýraþrá og fróðleikslit
- Skapaðu vettvang fyrir samvinnu og tengsl
- Ræktaðu sjálfbært hugarfar

6. HLUTI

Samvinna, samskipti og mikilvægi þverfaglegs náms



- Grundvallaratriði árangursríks samstarfs
- Samskiptahæfni fyrir leiðtoga
- Að auðvelda ákvarðanatöku og hugmyndavinnu
- Stafræn töl fyrir samvinnu og samskipti
- Að virkja vöxt og þverfaglegt nám
- Að auka þátttöku hagsmunaaðila

- **1. hluti:** Konur í ferðapjónustu
- **2. hluti:** Hvernig á að komast í stjórnunarstöður?
- **3. hluti:** Kynbundnar loftslagsáðgerðir og -stefnur
- **4. hluti:** Tengsl ferðapjónustunnar og heimsmarkmiðanna
- **5. hluti:** Að ímynda sér betri heim: Þróun hugmynda, könnun og skapandi framtíðarsýn
- **6. hluti:** Samvinna, samskipti og mikilvægi þverfaglegs náms



05 | Yfirlit yfir efni námskeiðs (framhald)...

b) Ítarlegt yfirlit um námsefnið

1. HLUTI	Konur í ferðapjónustu
Yfirlit	Þetta námskeið miðar að því að kanna það lykilhlutverk sem konur gegna í ferðapjónustunni, með áherslu á að reyna að skilja áskoranirnar sem því fylgja og finna aðferðir til þess að tryggja kynjajafnrétti og inngildingu.
Námsmarkmið	Við blöndum fræðum saman við raunveruleg dæmi, sem tryggir að þú skilur ekki bara nauðsyn kynjajafnréttis og inngildingar, heldur færð líka réttu tólin til að gera alvöru breytingar á þínum vinnustað.
Efni	<ul style="list-style-type: none"> ▪ Að sigrast á áskorunum og stuðla að breytingum ▪ Hindrunum rutt úr vegi: jafnrétti í leiðtogastörfum ▪ Valdefling kvenna í ferðapjónustu ▪ Kynjajafnrétti: að stuðla að inngildingu og jafnrétti ▪ Að hjálpa konum á framabrot: bestu aðferðirnar ▪ Hlutverk kvenna í sjálfbærum rekstri
Dæmisaga	<ul style="list-style-type: none"> ▪ Susana Conde – Forysta kvenna
Æfingar	Glæra 7 – Hugsanaæfing (Ákveðnar áskoranir/ mögulegar lausnir) Glæra 19 – Umræðuefni – Hvernig valdeflum við konur? Glæra 23 – Umræðuefni – Að skapa menningu inngildingar
Myndbönd	<ul style="list-style-type: none"> • KYNJASAMÞÆTTINGARLEIÐBEININGAR FYRIR FERÐAÞJÓNUSTU – OPNA VEFNÁMSKEIÐ (youtube.com) • Sheryl Sandberg: Ástæðurnar fyrir of fáum kvenleiðtogum – horfa á Vimeo
Ítarefni	<ul style="list-style-type: none"> • Yfirlýsing leiðtogafundar WTTC 2021 (wtcc.org) • Stefnumörkun fyrir öll kyn í ferðapjónustunni • Valdefling kvenna og ferðapjónusta (unwto.org) • Um bókina The Double X Economy • Lean In eftir Sheryl Sandberg • Diversity in the Workplace: Eye-Opening Interviews to Jumpstart Conversations about Identity, Privilege, and Bias, eftir Williams, Bärí A. • 7 Proven Strategies For Advancing Your Career As A Woman: The Ultimate Guide (vefgrein á realshepower.in)



05 | Yfirlit yfir efni námskeiðs (framhald)...

2. HLUTI	Hvernig á að komast í stjórnunarstöður?
Yfirlit	Hér sökkvum við okkur í 5 lykilþætti, sem hver og einn er sérhannaður til að takast á við þær sértæku áskoranir og tækifæri sem konur í þessum geira þurfa að takast á við. Með því að þróa heildræna nálgun gagnvart starfsþroska eykur þessi hluti persónulega getu og leggur sitt að mörkum fyrir sjálfbærari framtíð fyrir alla.
Námsmarkmið	Þessi hluti er hannaður til að gefa verðandi kvenleiðtogum nauðsynleg verkfæri og innsæi til að vera vel undirbúnaðar til að blómstra á sinni faglegu vegferð í ferðaþjónustunni.
Efni	<ul style="list-style-type: none"> Mennta- og færniþróun Tengslanet og leiðbeinendur Barátta og sýnileiki Að byggja upp leiðtogahæfileika
Dæmisaga	<ul style="list-style-type: none"> Orka sýnileikans Penny Haslam TEDxWhitehaven á YouTube
Æfingar	<p>Glæra 3 – Sjálfsmatsverkefni – Hver ert þú?</p> <p>Glæra 7-8 – Umræðuefni – Hvaða námskeið ættirðu að taka?</p> <p>Glæra 13 – Umræðuefni – Hverjir eru kostir tengslamyndunar?</p> <p>Glæra 21 – Umræðuefni – Mikilvægi sjálfsábyrgðar</p> <p>Glæra 26 – Markmiðssetning</p>
Myndbönd / hlaðvörp	<ul style="list-style-type: none"> SIMON SINEK: Leiðtogi eða framkvæmdastjóri? – YouTube Unstoppable Women á hlaðvarpsveitu Apple What if we changed the story? – Women in Leadership (youtube.com)
Ítarefni	<ul style="list-style-type: none"> The tourism and hospitality career progression pathway Emerald Insight Mentoring for gender equality: Supporting female leaders in the hospitality industry – af ScienceDirect Jafnréttisstefna – Framkvæmdastjórn ESB (europa.eu) Skýrsla um kynjajafnrétti í ESB 2021 (europa.eu) Námsskeið EWOB fyrir valdeflingu kvenna – (europeanwomenonboards.eu) EIC Námsskeið fyrir kvenleiðtoga – Framkvæmdastjórn ESB (europa.eu) Breaking barriers and building bridges: the power of Behavioural Insights for advancing gender equality - (europa.eu) European Pillar of Social Rights – Building a fairer and more inclusive EU - (europa.eu) Everyone Can Be A Leader – Here's How



05 | Yfirlit yfir efni námskeiðs (framhald)...

3. HLUTI	Kynbundnar loftslagsaðgerðir og -stefnur
Yfirlit	Í þessum hluta er lögð áhersla á mikilvægi þess að taka tillit til kynbundinna þátta þegar rætt er um loftslagsbreytingar, stefnur og aðgerðir.
Námsmarkmið	Til að auka skilning kvenna og stefnumótenda á tengslum kyns og loftslagsbreytinga og loftslagsaðgerða, og hvernig sú innsýn getur stuðlað að tækifærum og framförum. Að gefa kvenleiðtogum í ferðabjónustunni nauðsynlegt sjálfstraust til að nýta sér stöðu sína til að búa til lausnir.
Efni	<ul style="list-style-type: none"> ▪ Áhrif loftslagsbreytinga á konur ▪ Kynjamiðaðar loftslagsstefnur ▪ Konur, mótvægisáðgerðir og aðlögun ▪ Valdefling kvenna og loftslagsáðgerðir ▪ Kynjasambætting í loftslagsstefnum
Dæmisaga	<ul style="list-style-type: none"> ▪ Susan Heffernan
Æfingar	<p>Glæra 13 – Íhugun – Hvernig geta loftslagsstefnur haft mismunandi áhrif á karla og konur?</p> <p>Glæra 17 – Reiknaðu út matarspor þitt</p> <p>Glæra 22 – Umræðuefni – hver eru lykilatriðin varðandi valdeflingu kvenna og loftslagsáðgerðir?</p>
Myndbönd / hlaðvörp	<ul style="list-style-type: none"> • „Gender & Climate“ – hlaðvarpsveita Apple • Why the Climate Crisis is a Crisis for Women – YouTube • Climate change is not gender neutral feat. @OurChangingClimate – YouTube • Hvers vegna skiptir kyn máli fyrir skilvirka aðlögun að loftslagsbreytingum? (youtube.com)
Ítarefni	<ul style="list-style-type: none"> • Skýrsla OHCHR 2019 • Gender equality and climate change Evrópustofnun um jafnrétti kynjanna (europa.eu) • Gender and Climate Change: An Introduction CGIAR GENDER Impact Platform • Climate & Development Knowledge Network (cdkn.org) • The Gender Action Plan UNFCCC • Gender-responsive strategies on climate change (wedo.org) • Gender and Climate Finance: Double Mainstreaming for Sustainable Development (boell.org)



05 | Yfirlit yfir efni námskeiðs (framhald)...

4. HLUTI	Tengsl ferðapjónustunnar og heimsmarkmiðanna
Yfirlit	Í 4. hluta rannsöku við samlíf ferðapjónustunnar og heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun.
Námsmarkmið	Nemendur munu sjá hvernig ferðapjónustan getur aukið hagvöxt verulega, sem og ýtt undir sjálfbærni í umhverfismálum og vernd menningarverðmæta. Þessi hluti veitir uppfræðurum og nemendum í ferðapjónustunni nauðsynlega þekkingu og tæki til að skapa sjálfbærari og réttlátari framtíð.
Efni	<ul style="list-style-type: none"> Engin fátækt og aukinn jöfnuður Góð atvinna og hagvöxtur Umhverfissjálfbærni Verndun og kynning menningarverðmæta Þróun og aðgangur að grunnþjónustu Menntun, meðvitund og sjálfbærar aðferðir
Dæmisögur	<ul style="list-style-type: none"> Stevns Klint – Stevns Klint Experience Heimsmínjaskrá UNESCO Rannveig Grétarsdóttir - Íslandi
Æfingar	Glæra 4 – Umræðuefni – Hví skiptir forysta kvenna máli? Glæra 17 – Umræðuefni – Mikilvægi verndunar og kynningar menningarverðmæta Glæra 29 – Til umhugsunar – Endurnýjanleg ferðamennska eða sjálfbær ferðamennska?
Myndband	<ul style="list-style-type: none"> Tourism On the Line Tina O'Dwyer TEDxGalway - YouTube
Ítarefni	<ul style="list-style-type: none"> MARMKIÐIN 17 Sjálfbærniþróun (un.org) Achieving the Sustainable Development Goals through Tourism – Toolkit of Indicators for Projects (TIPs) (e-unwto.org) Endurnýjanleg ferðamennska eða sjálfbær ferðamennska? (thetourismcolab.com.au) Developing sustainable tourism practices among local businesses The Burren and Cliffs of Moher UNESCO Global Geopark



05 | Yfirlit yfir efni námskeiðs (framhald)...

5. HLUTI	Að ímynda sér betri heim: Þróun hugmynda, könnun og skapandi framtíðarsýn
Yfirlit	Þessum hluta er ætlað að vera umbreytandi ferðalag, þar sem áherslan er á mikilvægi skapandi hugsunar og framsýnna hugmynda við endurmótun ferðaþjónustunnar. Á tímum örra breytinga og áskorana er hæfileikinn til að hugsa og kanna nýja möguleika ekki bara góður kostur, heldur brýn nauðsyn fyrir ferðaþjónustuna.
Námsmarkmið	Að sýna nemendum hvernig frumkvöðlahugsun getur leitt til byltingarkenndra aðferða, sjálfbærra lausna og endurhugsaðrar framtíðar fyrir alla.
Efni	<ul style="list-style-type: none"> ▪ Hvettu til sköpunar og nýsköpunar ▪ Ræktaðu inngildingarmenningu ▪ Efldu símenntun og þróun ▪ Efldu ævintýraþrá og fróðleikslit ▪ Skapaðu vettvang fyrir samvinnu og tengsl ▪ Ræktaðu sjálfbært hugarfar
Dæmisaga	<ul style="list-style-type: none"> ▪ Susan Heffernan – Tengslamyndun og samvinna
Æfingar	<p>Glæra 12 – Hópumræða – Hvaða sviða ættu fjölbreytni og inngilding að ná til?</p> <p>Glæra 16 – Íhugun – Er inngilding hluti af þínu hugarfari?</p> <p>Glæra 33 – Námsmat</p>
Myndbönd	<ul style="list-style-type: none"> • Mismunandi tegundir nýsköpunar útskýrðar – YouTube • Viima á YouTube
Ítarefni	<ul style="list-style-type: none"> • Hvað er nýsköpun? UN Tourism (unwto.org) • Framtíð ferðamennsku: Tækni, starfsfólk, og viðskiptavinir McKinsey

05 | Yfirlit yfir efni námskeiðs (framhald)...

6. HLUTI	Samvinna, samskipti og mikilvægi þverfaglegs náms
Yfirlit	Í heimi þar sem fjölbreytt sjónarmið og samvinna eru lykillinn að nýsköpun og sjálfbærum árangri viljum við að nemendur tileinki sér þessa hæfileika, sem mun bæta faglega þróun þeirra og sömuleiðis hjálpa þeim við að leggja sitt af mörkum við að efla jafnrétti kynjanna og sjálfbæra starfshætti í ferðaþjónustunni um gervalla Evrópu.
Námsmarkmið	Eftir þennan hluta ættu nemendur að búa yfir nauðsynlega færni fyrir árangursríkt samstarf, skýr samskipti og þverfaglegar nálganir.
Efni	<ul style="list-style-type: none"> ▪ Grundvallaratriði árangursríks samstarfs ▪ Samskiptahæfni fyrir leiðtoga ▪ Að auðvelda ákvarðanatöku og hugmyndavinnu ▪ Stafræn tól fyrir samvinnu og samskipti ▪ Að virkja vöxt og þverfaglegt nám ▪ Að auka þátttöku hagsmunaaðila
Dæmisaga	<ul style="list-style-type: none"> ▪ Georgina Howard – Árangursrík samskipti
Æfingar	Glæra 6 – Umræðuefni – Hvernig er best að byggja upp traust innan vinnustaðar? Glæra 38 – Hversu vel þekkir þú þína hagsmunaaðila?
Myndbönd	<ul style="list-style-type: none"> • The Art of Listening Simon Sinek (youtube.com) • The Power of Storytelling Netnámskeið – YouTube • Jack Welch og öfug leiðsögn hjá fyrirtækjum – 1. hluti – YouTube • Öfug leiðsögn hjá fyrirtækjum – 2. hluti – YouTube
Ítarefni	<ul style="list-style-type: none"> • Ný rannsókn sýnir að samvinna ýtir undir árangur á vinnustað (forbes.com) • Partners In Crime: The Power of Finding Your Creative Collaborator eftir Jason Keath á Medium • How to Create a Collaborative Culture The Workstream á atlassian.com • Better together: Why collaboration is more important than ever – edie • 5 steps to successful collaboration GreenBiz • How collaboration creates value and accelerates change GreenBiz



06 | Að bæta upplifun nemenda

Námsumhverfið

Skapaðu öruggt og hvetjandi umhverfi fyrir kennslu.

Uppsetning kennslustofu, stærð og tækni. Það skiptir öllu að kynna sér uppsetningu og tæknibúnað kennslustofunnar fyrirfram; hljóðvist, upplýsingatækni og hvar þarf að skrá sig inn, fjarstýringar og aðtoð í tæknimálum ef hana þarf. Sem dæmi þá gætu smellitækni eða stafrænar skoðanakannanir verið skilvirkari en munnlegar samræður til að safna svörum nemenda í stórum fyrirlestrasal. Í minna herbergi gæti átt betur við að hvetja til dýpri umræðu og hópavinnu.

Bekkjarstærð og þáttökustillingar. Íhugaðu að laga námsefnið þitt að bekkjarstærð, fjölda nemenda og námsvenjum, jafnvel þótt það henti við flestar fyrirlestraaðstæður. Notaðu fjölbreytni til að ýta undir þátttöku nemenda. Slíkt bætir nám og nemendur tileinka sér efnið betur. Nemendur eru líklegri til að þróa gagnrýna hugsun og nota þekkingu sína utan kennslustofunnar ef ýtt er undir þátttöku þeirra.

Aðgengilegt nám án aðgreiningar. Með því að hlúa að námsumhverfi án aðgreiningar, sem hægt er að meta, tryggir þú að allir nemendur hafi sömu tækifæri á farsælli námsupplifun.

Aðrar tillögur

Skoðaðu hvernig fjölbreyttur nemendahópur getur nálgast það sem þú hefur að segja. Kynntu þér þá ráðgjöf og stuðning sem fyrirlesurum stendur til boða varðandi inngildinguna náms.

Taktu tillit til mismunandi krafna til mismunandi nemenda með því að bjóða upp á efni á ýmsum sniðum, svo sem sem textum, myndatextum og hljóðupptökum.

Notaðu látlaust og hnitmiðað orðalag, forðastu sérmál og óþarflega tæknileg hugtök sem gætu verið nemendum ofviða.

Sambættu meginreglur **Universal Design For Learning (UDL)** til að byggja upp námsupplifun fyrir alla nemendur, óháð bakgrunni þeirra og getu.

06 | Að bæta upplifun nemenda

Árangursrík fræðsluráð á netinu

Hér eru nokkur myndbönd til að aðstoða þig við fyrirlestra á netinu. Ef þú ert að íhuga að halda námskeið í beinni þá gæti eftirfarandi verið gagnlegt:

Tillögur frá Coalface, sería stuttra myndbanda um netkennslu:

- [Fyrstu skrefin í netkennslu](#)
- [Það er öðruvísi að kenna á netinu](#)
- [Félagsleg viðvera í netkennslu](#)
- [Að gera spjallborð notendavænni](#)
- [Netnámskeið í beinni](#)
- [Stuðningur við fjarnemendur](#)



Ráð um að halda netnámskeið í fyrsta skipti: Twitter-færsla frá Dr Andy Clegg, Háskólanum í Portsmouth á Englandi



06 | Að bæta upplifun nemenda

Góð samskiptaráð fyrir leiðbeinendur/kennara

Ábendingar um skilvirk samskipti og bekkjarkennslu

Myndaðu tengsl: Fyrstu fimm mínúturnar gefa tóninn fyrir restina af fyrirlestrinum, og raunar líka komandi fyrirlestra – náðu athygli þeirra og nýttu hana svo sem best. Myndaðu tengsl snemma; fáðu nemendur með þér í lið og settu tóninn. Spjallaðu við þá þegar þeir mæta og reyndu að komast að hverju þeir eiga von á. Kynntu þig í upphafi fyrirlesturs.

Byrjaðu með stæl. Dragðu andann djúpt, byrjaðu af öryggi og eldmóði, og talaðu skýrt. Róaðu taugarnar með því að fara þér hægt, talaðu hægar en venjulega, ekki flýta þér og vertu viss um að það heyrst í þér. Talaðu eins og þú búist við athygli og skilningi – þá fylgir það yfirleitt í kjölfarið.

Röddin er þinn ofurkraftur. Röddin er þitt mikilvægasta vopn. Ef það er ekki hægt að heyra í þér né skilja, þá er nærvera þín hálf tilgangslaus. Athugaðu hljóðstyrkinn, hraða og framburð með því að fara í gegnum fyrstu mínúturnar af fyrsta fyrirlestrinum með einhverjum kollega þínum. Og ef þetta er stór fyrirlestrasalur skaltu biðja þá sem eru aftast að láta þig vita hvort þeir heyri í þér. Notaðu fyrisagnir og áherslupunkta sem kveikjur og talaðu í meiri samræðutóni, sem skapar sjálfsprotna orku á meðan þú heldur augnsambandi yfir allan salinn.

Notaðu mismunandi hraða, hljóðstyrk og raddblæ til að viðhalda áhuga nemenda og sýndu alltaf áhuga á efninu sem er til umræðu. Láttu húmor eða persónulegar sögur fylgja með til að skapa afslappaðra umhverfi og styrkja enn frekar tengslin við nemendur. Gefðu þér tíma fyrir þögn eða íhugun og gefðu nemendum tíma til að tileinka sér efnið og mynda sínar eigin hugsanir, koma með eigin meðmæli og draga eigin ályktanir.

Notaðu virkar námsaðferðir. Í næsta kafla verður farið nánar í það.

Lokaorð: reglurnar þrjár fyrir góðan fyrirlestur:

„Segðu þeim hvað þú ætlar að segja, segðu það, segðu þeim hvað þú sagðir þeim.“

Taktu saman lykilatriðin, komdu með hugmyndir um hvað þau geta gert til að kafa dýpra, settu fram nokkrar spurningar til að íhuga í málstofum og námskeiðum seinna meir og kynntu efni næsta fyrirlesturs.

Námsmat, svo þú getir metið námsárangur. Í næsta kafla verður framkvæmd þess rædd betur.

06 | Að bæta upplifun nemenda

Góð samskiptaráð fyrir leiðbeinendur/kennara (framhald)

Þróaðu hringrás endurgjafar til að tryggja stöðuga bætingu. Sumir bestu kennararnir fá stöðuga endurgjöf. Metið hversu árangursrík námskeiðin ykkar eru og finnið hvað má bæta. Biddu nemendur um endurgjöf með því að fá þá til að svara nafnlausum könnunum, í umræðum í kennslustofunni og í einstaklingssamtölum. Notaðu þessa endurgjöf til að þróa kennsluaðferðir þínar áfram, þannig að þær standist betur kröfur og þarfir nemenda þinna. Ef þú vilt vita hvort þú sért að standa þig:

- Spyrðu nemanda álit: Best er að setja þetta upp fyrir fyrirlestur og biðja hann um endurgjöf í lokin – hefðbundin hvatning: ókeypis matur og drykkur.
- Biðjið kollega að fylgjast með: Tryggðu að endurgjöfin sé sértæk og yfirveguð – hvað gerðir þú vel? Hvar geturðu bætt þig?

Heimild: Sean Russell, Fræðimaður, rannsóknir og kennsla

<https://career-advice.jobs.ac.uk/academic/teaching-skills-delivering-an-effective-lecture/>

Nemendum frá háskólum víðs vegar um Írland var boðið að kjósa þann kennara sem þeir töldu bjóða upp á nýstárlegastu og mest hvetjandi kennsluna, sem einnig hefði jákvæð áhrif á nám nemenda sinna. Nemendur töldu góða kennara sýna þessa lykileiginleika; voru skapandi í samskiptum, voru hvetjandi, skilningsríkir og sýndu samkennd, sköpuðu hrifnæmi eða forvitni, voru hjálpsamir og góðviljaðir, veittu innblástur, voru viðkunnalegir, höfðu ástríðu fyrir viðfangsefninu og víddum fræðigreinarinnar og sköpuðu kraftmikla eftirvæntingu í kennslustofunni.

„Handbók og verkfærakista fyrir írskar háskólastofnanir“

Tengstu öðrum hópum og fagaðilum

Tengstu öðrum hópum og fagaðilum sem styðja við háskólakennslu, þar á meðal:

- [Landsvettvangur Írlands um eflingu háskólakennslu](#)
- [Írski netnámsstofnunin \(NIDL\)](#)
- [Starfsmanna- og menntaþróunarfélag breskra menntastofnanna \(SEDA\)](#)
- [Samtök um námstækni \(ALT\)](#)
- [EDEN Stafrænt nám í Evrópu](#)

06 | Að bæta upplifun nemenda

Skilvirk samskipti við nemendur

Skilvirk samskipti við nemendur skapa jákvætt námsumhverfi og stuðla að góðum árangri. Góð samskiptahæfni gerir kennurum kleift að byggja upp traust tengsl við nemendur, aðra aðila ferðapjónustunnar og samstarfsfólk.

Samskipti eru bæði tjáning og hlustun. Kennarar þurfa að **kunna að hlusta** og **skilja hugsanir og hugmyndir nemenda sinna** og þurfa að geta útfært hlutina skýrt. Kennarar þurfa að vera skýrir í samskiptum sínum á meðan þeir tala við nemendur sína. Þeir eiga að kunna að **búta flókna hluti niður í einföld skref**. Samskipti eru skilvirk þegar sá sem talar getur **komið skilaboðum sínum á framfæri á hnitmiðaðan hátt** og hlustandinn getur **stundað virka hlustun** og **túlkað skilaboðin**. Þegar sá sem talar forðast að nota uppfyllingarorð, er skýr varðandi ásetning sinn og muldrar ekki, sparar viðkomandi tíma og hámarkar námsgetu.

Samskipti við nemendur á formlegan sem og óformlegan hátt, eins og að bjóða upp á óformlegt fyrirlestramyndband, hlutverkaleiki, leiki eða **formlegan fyrirlestur**, kennsluefni og vinnustofu. Aðrar gerðir formlegra samskipta eru námshandbækur, skýrar leiðbeiningar um námsmat, leslistar, skýrir skilafrestir námsmats og dagatal fyrir námsárið, þar sem fram koma dagsetningar námskeiða og námsmats.

Óformleg samskipti geta átt sér stað sem óskipulagðir fundir eða jafnvel á göngum skólans. Þá eru fjölmargar leiðir til að eiga samskipti í gegnum samfélagsmiðla á netinu, eins og á Facebook, Twitter, TikTok og Snapchat, sem og á spjallborðum á netinu.

Það má **dýpka samskipti** og gera námið meira spennandi með því að innlima ofangreint formlegt og óformlegt nám og kafa aðeins dýpra í þau tengsl huga og athafna sem birtast í atburðarás, senum, myndum og myndböndum (O'Donoghue (1977), bls. 35-36, sem Clancy (2015) vitnar í á bls. 153).

Það er líka mikilvægt að þroska **jákvæð tengsl** við nemendur. Fitzmaurice og Coughlan (2007) ræða mikilvægi þess að tengjast nemendum á jákvæðan og heilbrigðan hátt. Skilvirk samskipti hjálpa nemendum við að **tengjast öðrum, sýna samkennd, leysa ágreining** og búa sér til stuðningsnet. Góð félagsfærni gerir nemendum kleift að mynda **djúp tengsl** sem geta haft jákvæð áhrif á fræðilegt og persónulegt líf þeirra. Til þess að samskipti séu árangursrík verða þau að vera **skýr, nákvæm, afgerandi, hnitmiðuð og hlýleg**. Þetta eru grunngildin fimm í samskiptum, þótt það séu nokkrar útgáfur til.

06 | Að bæta upplifun nemenda

Skilvirk samskipti við nemendur (framhald)

Samskipti og samvinna í gegnum spurningar geta komið náminu á næsta stig, þar sem nemendur geta **spurt hvort annað spurninga, leitað lausna saman** og metið vinnu hvers annars. Sumir nemendur eru líklegri til að biðja um stuðning eða aðstoð frá samnemanda en frá leiðbeinanda. Það er mikilvægt að skapa jákvætt skólaumhverfi, þar sem nemendur eru **óhræddir við að svara spurningum eða spyrja spurninga** og nemendur teljast jafningjar í lærdómsferlinu. Íhugið mismunandi gerðir af spurningum, eins og opnar og lokaðar spurningar, sem og einfaldar og flóknar spurningar.

Lokuð spurning er með ákveðið rétt svar; kennarinn getur spurt spurningarinnar og fengið nemendur til að svara henni. Þetta styrkir félagslega uppbyggingu þekkingar.

Opnar spurningar eru gagnlegar til að kanna upplifun nemenda, en kennarinn þarf að gæta þess að umræðan fari ekki úr böndunum.

Flóknar spurningar nota hluti eins og tilgátur, kenningar eða ígrundun. Það getur tekið tíma að svara þessum spurningum, svo gefðu nemendum tíma til að hugsa sig í gegnum svarið. Ekki vera hræddur við smá þögn.

Einfaldar spurningar snúast um að rifjaða upp staðreyndir, þannig að það tekur minni tíma að svara.

Lynch (2008) leggur til að kennarar móti sér stefnu við að taka á móti nemendum; fyrstu fimm mínútur kennslunnar má til dæmis nota til að skiptast á fréttum.

Eftir námskeið er góð regla að gera samantekt á öllu sem farið var yfir. Hafið samband við nemendur eftir námskeiðið í gegnum tölvupóst og sendið glærur, ef þær voru notaðar.

06 | Að bæta upplifun nemenda

Að gefa árangursríka endurgjöf

Hægt er að nálgast lista af hagnýtum hugmyndum til að bæta skilvirkni og gæði endurgjafar í Mótunarmat: Hagnýtar hugmyndir til að bæta gæði og skilvirkni endurgjafar

Sjö meginreglur fyrir góða endurgjöf (mótandi mat)

1. Ýtir undir þróun **sjálfsmats (ígrundunar)** í námi.
2. Hvetur til samræðu kennara og nemenda á **jafningjagrundvelli** um námið.
3. Skýrir betur **hvað telst vera góður** árangur (markmið, mælikvarði, viðmið og væntingar).
4. Skapar tækifæri til að minnka bilið á milli **núverandi frammistöðu og æskilegrar frammistöðu**.
5. Veitir nemendum **bestu mögulegu upplýsingar** um nám þeirra.
6. Hvetur til **jákvæðs viðhorfs til hvatningar** og sjálfsöryggis.
7. Veitir kennurum upplýsingar sem hægt er að nota til að **móta kennsluna**.

(Nicol & MacFarlane-Dick, 2009; Juwah et al, 2004)

Það hefur verið sýnt fram á að það að gefa nemendum endurgjöf um nám þeirra, sem oft er lýst sem mótandi mati, hefur **mjög jákvæð áhrif** á nám og árangur nemenda (Juwah et al., 2009; Black & William, 1998). Mikilvægi endurgjafaraðferða við mat hefur verið rækilega staðfest í rannsóknum (Fisher & Miller, 2008).

En þetta getur hins vegar oft verið **tímafrekt** verkefni í undirfjármögnum umhverfi. Að auki greina margir starfsmenn frá lítilli svörun nemenda við þessa endurgjöf; nemendur lesa hana til dæmis ekki alltaf, en kvarta um leið yfir skorti á gagnlegri endurgjöf. Þetta getur leitt til óskilvirkrar vinnu starfsfólks og óskilvirkrar endurgjafar fyrir nemendur.


Eitt af lykilatriðunum til að takast á við þetta vandamál er að **þróa sjálfsmatshæfni nemenda** til að hjálpa þeim að minnka bilið á milli frammistöðu þeirra og þess sem ætlast er til af þeim (Clarke et al., 2001).

Tímasetning, tegund og afmörkun endurgjafar getur einnig bætt hæfni nemenda til að stunda sjálfsmat. Að auki ætti góð endurgjöf að hvetja til sérstakra aðgerða sem hægt er að nota í næsta mati. Endurgjöf þarf **ekki alltaf að koma frá akademískum starfsmönnum**, þar sem nemendur sjálfir geta hjálpað hverjum öðrum við endurgjöf þegar þeir fá leiðsögn um hvernig eigi að veita hana. **Ný tækni** skapar einnig góð tækifæri fyrir endurgjöf.

Loks ber að muna að endurgjöf sem felur í sér uppbyggilegar athugasemdir um styrkleika, veikleika og tillögur um úrbætur skapar öflugan jákvæðan ávinning fyrir nám nemenda og árangur þeirra (Nichol & McFarlane-Dick, 2009; Black & William, 1998).

07 | Gagnlegir tenglar og aukaefni

Vefsíða verkefnis	weleadproject.eu
Samantektarskýrsla	weleadproject.eu/eye-opener-report
Handbók um góða starfshætti	weleadproject.eu/good-practices-compendium
Námsefni	weleadproject.eu/resources
Facebook-síða We Lead	facebook.com/WeLeadEU
Instagram-síða We Lead	instagram.com/we_lead.eu
LinkedIn-síða We Lead	linkedin.com/company/we-lead-Erasmus



07 | Gagnlegir tenglar og aukaefni

Verkfærakista kennara við UCD, University College Dublin

Stuðningur við nám nemenda; að halda fyrirlestur; skipuleggja kennslustund; gefa endurgjöf o.s.frv.
www.ucd.ie/teaching/resources/teachingtoolkit/planningateachingsession

Nám fyrir alla

AHEAD birta sjö meginreglur náms fyrir alla, sem finna má í sáttmála þeirra um kennslu og nám án aðgreiningar. [www.ahead.ie/userfiles/files//documents/Charter 4 Inclusive Teaching & Learning Online Version.pdf](http://www.ahead.ie/userfiles/files//documents/Charter_4_Inclusive_Teaching_&_Learning_Online_Version.pdf)

Sjáðu hvernig þú getur útbúið kennslustundir á meðfylgjandi vefsíðu

CAST Nám fyrir alla www.cast.org/our-work/about-udl

Nám án aðgreiningar. Hvernig á að tryggja að nemendur sem gætu átt í erfiðleikum með nám séu velkomnir; hvernig tekurðu til dæmis á móti nemanda sem er með lesblindu eða kvíða? HEA (Eftirlitsnefnd Írlands með háskólanámi) safnar gögnum um líðan nemenda. Lesið „Health and Wellbeing“ (bls. 23 - 24) í skýrslunni Euro Student Survey V Report on the **Social and Living Conditions of Higher Education Students in Ireland 2013**. www.hea.ie/sites/default/files/eurostudentv_final.pdf.

Flippuð kennsla. Heimsóttu vefsíðu Háskólans í Queensland í Ástralíu og sjáðu hvernig á að nota flippaða kennslu til að bæta námið. uq.edu.au/teach/flipped-classroom/what-is-fc.html

Hvað er stafræn sagnamenska? Skoðaðu YouTube-rás Jerome Gratigny (www.youtube.com/watch?v=dKZiXR5qUIQ) eða þessa vefsíðu til að sjá hvernig á að semja stafrænar sögur: <http://storyconcepts.blogspot.com>

Hvað er vandamálamiðað nám? Lestu eftirfarandi grein eftir John Savery (2006) „Overview of Problem-based Learning: Definitions and Distinctions“ docs.lib.purdue.edu/cgi/viewcontent.cgi?article=1002&context=ijpbl

08 | Dæmi um sex daga stundaskrá fyrir We Lead námskeið

- Mælt er með því að virða hámarkslengd kennsludagsins, eins og hún er tilgreind í töflunni hér að neðan.
- Þar sem námsefnið getur verið ansi þungt og framandi fyrir kennara og nemendur er mælt með því að dreifa upplýsingunum á nokkra daga.
- Til að efnið nýtist sem best geturðu dreift þessum dögum á nokkrar vikur, til dæmis á einn dag í viku.

DAGUR	Námsefni
1	09.00 – 13.00 1. hluti 14.00 – 15.30 2. hluti
2	09.00 – 13.00 2. hluti 14.00 – 15.30 3. hluti
3	09.00 – 13.00 3. hluti 14.00 – 15.30 4. hluti
4	09.00 – 13.00 4. hluti 14.00 – 15.30 5. hluti
5	09.00 – 13.00 5. hluti 14.00 – 15.30 6. hluti
6	09.00 – 13.00 6. hluti 14.00 – 15.30 Upprifjun og samantekt

„Efastu aldrei um að lítill hópur
hugsandi, ástríðufullra borgara
geti breytt heiminum ... það er
einnmitt eina leiðin sem hefur
nokkurn tímann virkað til þess!“

-Margaret Mead

Fylgið okkur hérna:

